

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Terra Efnaeyðing (áður Efnamóttakan) Hafnarfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	1.12.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Terra Efnaeyðing (áður Efnamóttakan)	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Berghellu 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6912982729	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Grétar Viðar Grétarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	51.57.02
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jón H. Steingrímsson	<b>Staðsetning</b>	363053,302 408634,682

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi Terra efnaeyðingar. Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru gerðar. Rekstraraðili vinnur að úrbótum vegna frávíks er fram kom við eftirlit 2019 og var úrbótaáætlun vegna þess samþykkt 7. maí 2020.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi Terra efnaeyðingar að Berghellu í Hafnarfirði og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar
2. Niðurstöður síðasta eftirlits
3. Umhverfi og takmörkun aðgangs (gr. 2.1)
4. Frágangur íláta og meðhöndlun spilliefna og raf- og rafeindatækjaúrgangs (gr. 3.5 og 3.8)
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
6. Skoðunarferð

Vegna COVID19 var eftirlitið tvískipt, annarsvegar fór fram fjárfundur þar sem farið var yfir ákvæði starfsleyfisins og hinsvegar var vettvangsferð um athafnasvæði rekstraraðila.

Í spilliefnamóttöku Terra efnaeyðingar er heimilt að taka á móti 7900 tonnum á ári af spilliefnum, raftækjum og öðrum úrgangi til meðhöndlunar. Árið 2019 var tekið á móti rúmum 3300 tonnum og því vel innan marka starfsleyfisins.

Farið var yfir stöðuna á starfseminni en nú í ár hefur faraldur COVID19 haft smávægileg áhrif á starfsemina þannig að eitthvað hefur hægst á henni sem og einhver áhrif á útflutning á kælitækjum. Nokkur vandkvæði hafa verið á að koma einstaka tegundum spilliefna í förgun eftir að hætt var að taka á móti þeim í Kólku en það hefur nú verið leyst og birgðastaðan minnkuð. Fyrirsjáanlegt er að breytingar verði gerðar varðandi kælitæki sem tekið er á móti þó það sé ekki fullmótað hvernig leyst verður úr því.

Í síðasta eftirliti kom fram eitt frávik frá III. viðauka reglugerðar nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgangur er varðar geymslustaði raf- og rafeindatækjaúrgangs sem verja þann úrgang fyrir veðri og vindum. Samkvæmt tölvupósti frá rekstraraðila frá 3. apríl sl. var áætlað að skipagámar til tímabundinnar geymslu yrðu komnir í gagnid eigi síðar en 15. maí 2020 og byggingu skýlis lokið 30. september 2021. Úrbótaáætlun vegna þessa var samþykkt 7. maí 2020.

Einnig voru gerðar þrjár ábendingar í eftirliti 2019 er varða fjölda spilliefnagáma sem bíða útflutnings og uppsöfnun spilliefna, magn brennanlegs úrgangs á athafnasvæði og hávaðamælingar. Rekstraraðili sendi tilkynningu til eftirlitsaðila varðandi uppsöfnuð spilliefni og gáma í apríl sl. og skýrslu um hávaðamælingar var skilað þann 1. september sl.

Rætt var um áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni reglubundins eftirlits út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar. Samkvæmt áhættumat sem gert var 2019 og ákvarðar tíðni eftirlits 2020 er Terra efnaeyðing með 15 stig og þar með í eftirlitsflokki B sem gerir eitt reglubundið eftirlit á ári. Áhættumat er endurskoðað árlega.

Farið var í skoðunarferð um athafnasvæði rekstraraðila. Girðing er umhverfis svæðið og það vaktad. Ekki var gerð athugasemd við frágang íláta og meðhöndlun spilliefna og raf- og rafeindatækjaúrgangs.

Reykjavík, 11.01.2021

**1 Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2 Ábending:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

*Sigríður Magnúsdóttir*

---

Sigríður Magnúsdóttir